

**Mjólkursamsalan ehf.**

---

Ársreikningur

---

**2016**

Mjólkursamsalan ehf.  
Bitruhálsi 1  
110 Reykjavík  
kt. 540405-0340

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

Til stjórnar og hluthafa í Mjólkursamsölnunni ehf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Mjólkursamsölnunnar ehf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Mjólkursamsölnunni ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Mjólkursamsölnunnar ehf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 23. febrúar 2017.

**Deloitte ehf.**

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Ásbjörn Guðmundsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir árið 2016 er í samræmi við lög um ársreikninga.

Mjólkursamsalan ehf. er framleiðslufyrirtæki sem tekur við mjólk frá bændum til framleiðslu á drykkjarmjólk, ostum, skyri og fleiri mjólkurvörum. Félagið lætur framleiða skyr undir vörumerkmerki félagsins erlendis og selur á erlendum mörkuðum, auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins.

Rekstur félagsins er með sama hætti og árið áður. Á miðju ári lagði Samkeppniseftirlitið sekt á félagið að fjárhæð kr. 440.000.000 vegna meintra brota á samkeppnislögum og kr. 40.000.000 vegna ásakana um að félagið hafi leynt gögnum. Félagið áfrýjaði úrskurði Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem sneri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem snéri að því máli. Samkeppniseftirlitið hefur lýst því yfir að það muni áfrýja þessari niðurstöðu til Héraðsdóms.

Á árinu 2016 voru að jafnaði 432 stöðugildi hjá félaginu.

Mjólkursamsalan lætur framleiða skyr í Danmörku undir merkjum félagsins og selur það þaðan til Finnlands, Bretlands og Frakklands. Þessari starfsemi er alfarið stýrt frá Íslandi og voru sölutekjur af þessari starfsemi 2.143 milljónir króna á árinu. Hagnaður Mjólkursamsölnunnar ehf. á árinu 2016 nam kr. 277.767.387 og er eiginfjárlutfall félagsins 39%.

Hlutfé félagsins í upphafi og lok árs var kr. 4.795.000.000 og er hver hlutur 1 króna. Í upphafi árs og lok árs voru hluthafar í félaginu tveir, Auðhumla svf. með 90,1% og Kaupfélag Skagfirðinga svf. með 9,9%. Stjórn félagsins er skipuð 5 aðalmönnum og eru þar 3 karlar og 2 konur. Varamenn eru einnig 5, þar af eru 3 karlar og 2 konur.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins kr. 277.767.387 verði færður til lækkunar á ójöfnuðu tapi frá fyrra ári en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eða yfir stærðarmörkum stórra félaga. Þau félög skulu birta yfirlit með skýrslu stjórnar þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að greina frá stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins og videigandi ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Lögin gera þá kröfu að hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Félagið telst vera stórt félag samkvæmt lögum um ársreikninga og fellur það því undir þessar kröfur. Kröfurnar koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Fyrir aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar.

Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur félaginu ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Innleiðingin mun eiga sér stað að fullu á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar frá og með næsta ársreikningi.

# Skýrsla stjórnar

---

Að álit stjórnar og forstjóra Mjólkursamsölnunnar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Mjólkursamsölnunnar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2017

## Í stjórn

Egill Sigurðsson  
stjórnarformaður

Birna Þorsteinsdóttir

Elín Margrét Stefánsdóttir

Jóhannes Torfason

Þórólfur Gíslason

## Forstjóri

Ari Edwald

# Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur .....		28.174.519.723	26.679.643.474
Aðrar tekjur .....		998.176.682	730.455.542
Kostnaðarverð seldra vara .....		(20.591.352.445)	(20.460.591.158)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(3.862.062.945)	(3.463.868.906)
Annar rekstrarkostnaður .....		(3.289.924.246)	(2.979.631.907)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(688.873.724)	(640.460.568)
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		<b>740.483.045</b>	<b>(134.453.523)</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi .....	8	(3.601.090)	0
Fjármunatekjur .....	4	20.316.689	11.932.092
Fjármagnsgjöld .....	5	(399.085.038)	(290.039.064)
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>		<b>358.113.606</b>	<b>(412.560.495)</b>
Tekjuskattur .....	6/14	(80.346.219)	82.508.539
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>277.767.387</b>	<b>(330.051.956)</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	5.981.778.723	5.767.049.164
Eignarhlutar í félögum .....	8	82.135.312	10.736.402
Reiknuð skattinneign .....	15	0	86.743.244
		<u>6.063.914.035</u>	<u>5.864.528.810</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	9	3.175.111.409	2.934.749.030
Viðskiptakröfur .....	10	2.021.530.026	1.925.840.685
Kröfur á tengd félög .....	17	61.635.943	16.650.536
Aðrar skammtímakröfur .....	10	311.280.104	390.589.517
Handbært fé .....	10	153.504.479	91.679.643
		<u>5.723.061.961</u>	<u>5.359.509.411</u>
<b>Eignir</b>		<u>11.786.975.996</u>	<u>11.224.038.221</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Hlutfé .....	11	4.795.000.000	4.795.000.000
Ójafnað tap .....		(204.463.106)	(482.230.494)
<b>Eigið fé</b>		<u>4.590.536.894</u>	<u>4.312.769.506</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímaskuldir .....	12	255.729.154	391.611.610
Fjármögnunarleigusamningar .....	13	833.998.203	722.491.763
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	58.263.531	0
		<u>1.147.990.888</u>	<u>1.114.103.373</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	14	558.007.730	495.824.803
Skuldir við lánastofnanir .....	14	2.813.840.133	2.626.048.312
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	431.394.577	354.988.750
Skuld við tengd félög .....	17	1.621.516.658	1.697.452.601
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga .....	14	69.992.226	161.466.399
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	553.696.890	461.384.477
		<u>6.048.448.214</u>	<u>5.797.165.342</u>
<b>Skuldir</b>		<u>7.196.439.102</u>	<u>6.911.268.715</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>11.786.975.996</u>	<u>11.224.038.221</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta .....		740.483.045	(134.453.523)
Afskriftir .....	7	688.873.724	640.460.568
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(5.681.435)	(15.089.676)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>1.423.675.334</b>	<b>490.917.369</b>
Vörubirgðir, (hækkun) .....	9	(240.362.379)	(705.832.871)
Rekstartengdar eignir, (hækkun) .....		(138.199.299)	(51.670.448)
Rekstartengdar skuldir, hækkun .....		151.484.028	564.695.676
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>1.196.597.684</b>	<b>298.109.726</b>
Innborgaðir vextir .....		20.154.303	12.628.736
Greiddir vextir .....		(326.141.730)	(253.349.478)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>890.610.257</b>	<b>57.388.984</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7/16	(945.232.971)	(831.056.146)
Keypt hlutabréf .....	8	(75.000.000)	(736.402)
		(1.020.232.971)	(831.792.548)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(129.023.137)	(173.193.049)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga .....		(257.334.908)	(225.034.578)
Innborgað hlutafé .....	11/16	0	330.843.637
Nýjar langtímaskuldir .....		409.719.137	139.282.026
Hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir .....		187.791.821	642.076.781
		211.152.913	713.974.817
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		81.530.199	(60.428.747)
Handbært fé í upphafi árs .....		91.679.643	161.275.168
Áhrif gengisumreiknings innstæðna í erlendri mynt .....		(19.705.363)	(9.166.778)
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<b>153.504.479</b>	<b>91.679.643</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....	23	1.117.687.907	250.196.627